

## Skansinn á Bessastöðum og Bessastaðarnes

### Fornleifar og saga

Bessastaðanes er bæði opið og aðgengilegt þar eru ýmsar minjar frá fyrri tíð. Örnefnin eru fá og strjál, enda er landið ekki sérlega stórt, fremur kennileitasnautt og mjög búið að breyta því með framræslu, sléttun og ræktun og vegagerð, einkum hið næsta húsunum á Bessastöðum.

Bessastaðaland takmarkast að sunnan af Lambhúsatjörn, sem er fjörður inn úr Skerjafirði og gætir þar mjög flóðs og fjöru, en að norðan af Bessastaðatjörn, sem einnig var eins konar fjörður eða vík þangað til 1953 að gerður var stíflugarður mikill fyrir framan hana, svo að nú er þar ferskt vatn og gætir ekki flóðs og fjöru.

Að austan er svo Skerjafjörður. Einu nafni er allt þetta land kallað Bessastaðanes, en oft er það nafn helst haft um landið innan við staðinn, í daglegu tali Nesið, inni í Nesi.

Í Bessastaðatjörn eru hólmi, þar sem æður verpur, og kalla landamerkjaskrá og Bendikt Gröndal hann Bessahólma, en stundum er hann kallaður Bessi, trúlega hvort tveggja stytting úr Bessastaðahólmi, sem stundum heyrir. Í tíð Ásgeirs Ásgeirssonar var hólminn mikið stækkaður til suðurs með því að aka að honum grjóti og hnausum á ís. Lítil hólmi er nær Eyvindarstöðum og var hann einnig gerður að undirlagi Ásgeirs Ásgeirssonar, sem kallaði hann Kóra eftir fæðingarstað sínum Kóranesi á Mýrum. Ásgeir lét líka grafa skurð þvert yfir tangann norður af bílstjórahúsi og búa þannig til ey eða hólma, sem kallast Sandey en nýtt er þetta nafn að sjálfsgöðu. Allt hefur þetta verið gert vegna æðarfuglsins. Ósinn út úr tjörninni hét Dugguós en hann er nú úr sögunni, síðan stíflan var gerð. Hið gamla skipalægi Seilan er fram af Skansinum og Dugguósi. Nyrst og vestast við Dugguós er svo Skansinn eða Bessastaðaskans, hið gamla virki og sér þar einnig rústir af smábýlinu Skans með túngarði.

Bessastaðaskans (Ottavirki) er við Skerjafjörð þar sem Dugguós var áður en stíflan var gerð milli Bessastaðatjarnar og sjávar. Skansinn er virki, í stórum dráttum fjórir moldarveggir, sem upphaflega hafa verið mjög háir en eru nú ávalir og grasi grónir. Í júní 1627 rændu Tyrkir Grindavík. Tíðindin spurðust fljótt til Bessastaða og lét höfuðsmaðurinn Holger Rosenkranz hlaða virki úr torfi og grjóti fyrir ofan Seyluna, en svo kallast víkin sem skerst inn í nesið Skerjafjarðarmegin. Á næstu áratugum var farið að hugsa til þess að hafa að staðaldri virki á Bessastöðum. Árið 1667 var innheimtur af landsmönnum skattur til að byggja upp Bessastaðaskans næsta ár og voru Suðurnesjamenn fengnir til þess. Ekki var skansinum haldið við eftir þetta og greri yfir hann að mestu. Var síðan búið í Skansinum og þar var bærinn sem Óli skans bjó í með foreldrum sínum. Þau bjuggu þar í smábýli, sem fór í eyði um aldamótin 1900.

Þekkt er kvæðið um Óla Skans, Ólaf Eyjólfsson, sem bjó í Skansinum seint á níttjándu öld. Erlendur Björnsson lýsir honum í endurminningum sínum, Sjósókn. Óli var vinnumaður hjá Erlendi á Breiðabólstöðum og móður hans og liðlegur sjómaður. Óli Skans var meðalmaður, grannur, dökkur í andliti, langleitur, ennið lágt, nefið frekar stutt en allhátt. Hann var með ljósleitt hár, slétt og sítt, skipti í miðju og var alrakaður. Hakan var óvenju breið og hann var lotinn í herðum. Hann var óvenjulegur þrifnaðarmaður, kátur og fjörugur en enginn söngmaður. Um hann er þó sungið enn í dag, en yfirleitt farið rangt með vísuna. Rétt mun hún vera svona:

Óli Skans, Óli Skans,

er hér á róli.

Fía hans, Fía hans

fær hjá honum skjólið.

Óla er kalt á kinnunum,

Fía vill ei orna honum.

Fram í eldhús til hennar

tíðum leggur göngurnar.

Skansinn mun hafa farið í eyði fyrir aldamót, en seinna fékk Gísli Jónsson listmálari leyfi til að byggja sér þar hús og sér enn leifar af steiptum veggjum þess upp við suðurhlið virkisins. Minjar býlisins eru fyrst og fremst grjóthlaðin túngarður úr grjóti, girðir af hornið milli Skerjafjarðar og Bessastaðatjarnar, enn fremur leifar af útihúsum uppi á sjálfum Skansinum, grónar tóftir í þýfðu túninu og við túngarðinn, loks brunnhola að því er virðist. Innan við túngarðinn, þar sem hann kemur út í Skerjafjörð, er grjótveggur samsíða honum, 5-6 m bil á milli, og endar snögglega 25 m frá sjó. Helst dettur manni í hug að með þessum garði hafi átt að skýla bátum sem á land voru dregnir, sbr. það sem segir í örnefnalýsinguinni að kallað hafi verið Bátanaust rétt hjá Skansinum. „Í Skansinum var lendingin frá Bessastöðum," segir Erlendur Björnsson í Sjósókn eða hugsanlega er þetta svo kallað skólanaust og mundu þá skólapiltar hafa geymt þar bát sinn.

Gísli Jónsson var síðasti ábúandinn í Skansinum. Gísli var blásnauður en mjög listfengur og eftir hann liggur fjöldi merkra málverka. Árið 1990 var haldin yfirlitssýning á verkum hans í Listasafni ASÍ. Á meðan Gísli bjó í Skansinum valdi hann oft myndefni af Álftanesi. Ljósmyndir sem sat yfir fæðingu átta barna Gísla og síðari konu hans, Bjargar Böðvarsdóttur, hefur sagt frá því að þau Gísli og Björg hafi haft fjörupang til upphitunar og búið við bjargneyð og einangrun. En málverk Gísla prýddu vegg og meðal þeirra er myndin af Skansinum, sem Gísli gaf Björgu konu sinni með rósamáluðum ramma utan um. Búið var í Skansinum til 1927.

Skansinn var formlega friðlýstur með skjali dags. 25. okt. 1930 af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði og friðlýsingarmerki sett upp þann 5. júní 1965.

Á Bessastaðar nesi eru nokkra fornleifar þær eru fæstar vel varðveittar en þetta eru helstur minjarnar. Dr. Kristján Eldjárn skráði örnefni og minjar á Bessastaðanesi og birtist grein í árbók hins íslenska fornleifa félags 1981, Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftanesi. Í henni eru tíundaðar helstu minjar og örnefni.

Sauðaborgir eða hrossaskjól virðast vera á þremur stöðum á nesinu og þær ógreinilegar í landinu. Þær eru ekki langt frá sjómerkinu. Eitt mannvirkið er þó greinilegast undirstöðu þess eru grjóthleðslur en hinar virðast vera gerðar úr torfi eingöngu.

Skothúsið, hóll með sýnilegum tóftum á, þar sem hæst ber í Bessastaðanesi, eða eins og Gröndal segir í Dægradvöl: „Þar hæst á bungunni er kringlóttur grasblettur og rúst eftir gamalt byrgi, þar sem fálkarar hafa líklega legið við fyrrum, það var kallað „skothúsið“, og er þaðan víðsýni mikið og fagurt.“ Hvað sem líður ummælum Gröndals um fálkana, má telja mjög sennilegt að þarna hafi verið skotbyrgi. Gæsir eru t.d. tíðir gestir í nesinu.

Grjótgarður - skjólgarður hlaðinn er rétt fyrir norðan Skothúsið, tveir armar 5 og 9 m og gleitt horn á milli. Þetta er tvíhlaðinn veggur úr býsna stórgerðu grjóti.

Tóftarbrot smá og ógreinileg eru á Ranatá framarlega. Hugsanlega skjól eða skotbyrgi.

Síðan var helsta mótekja Álftnesinga í Mómýri.

### Heimildir

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1996. Álftnessaga. Þjóðsaga.

Benedikt Gröndal, 1965. Dægradvöl. Reykjavík. Mál og menning

Kristján Eldjárn, 1981. Árbók hins ísl. fornleifafélags 1981, bls. 141-147

Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson. Skansins og Bessastaðarnes. Skýrsla í vinnslu.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990

Kristján Eldjárn. Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftnesi. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1981.

Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum skráðar af Jóni Thorarensen. 1945

Örnefnalýsing KE fyrir Bessastaði - 7.6. 1973